

STJÓRN SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2005, miðvikudaginn 14. desember var haldinn 253. fundur Stjórnar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn að Pósthússtræti 17 og hófst kl. 12:15. Viðstaddir voru: Ingvar Sverrisson formaður, Ingi Þór Hermannsson, Páll Grétarsson, Páll Ármann Eggertsson, Ragnar Örn Pétursson, Sigmar Eðvardsson, Egill T. Jóhannsson og Sigurður Guðmundsson.

Jafnframt sátu fundinn Grétar H. Þórisson forstöðumaður, Skúli Skúlason fjármálastjóri ÍTR og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem skrifaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram fundargerð seinasta fundar.
2. Forstöðumaður skíðasvæðanna gerði grein fyrir daglegum rekstri á skíðasvæðunum. Mun senda skýrslu til stjórnar á tveggja vikna fresti.
3. Rætt um framkvæmd á umsýslu fyrir Stjórn skíðasvæða vegna bókhalds, fjármála o.þ.h.
Samþykkt að fela formanni að ganga til samninga við ÍTR.
4. Samþykkt að fela fjármálastjóra ÍTR að fara með fjárhagslegt umboð fyrir hönd Stjórnar skíðasvæða.
5. Lagður fram samningur sem forstöðumaður skrifaði undir vegna aðgangsmiðakerfis.
Samningurinn samþykkur.
6. Farið yfir stöðu markaðsmála. Draga þarf úr kostnaði vegna auglýsinga.
7. Fjármálastjóri ÍTR lagði fram stofnkostnað dags. í dag vegna eigna.
8. Formaður upplýsti að stefnumótunarfundir hafi verið haldnir í byrjun desember. Góð mæting var frá félögunum.

- kl. 12:55 vék Ingi Þór Hermannsson af fundi.

Fundi slitið kl. 13:45.

Ingvar Sverrisson

Sigmar Eðvardsson
Páll Grétarsson
Egill T. Jóhannsson

Sigurður Guðmundsson
Ragnar Örn Pétursson
Páll Ármann Eggertsson

